

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2016, mánudaginn 27. júní kl. 13:30 var haldinn 232. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Áslaug Friðriksdóttir, Marta Guðjónsdóttir í fjarveru Kjartans Magnússonar, Einar Brandsson í fjarveru Valdísar Eyjólfssonar og Ragnar Frank Kristjánsson í fjarveru Björns Bjarka Þorsteinssonar.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason og Ingvar Stefánsson, að hluta.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 231 staðfest og undirrituð.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála mætti til fundarins og kynnti rekstraryfirlit janúar - apríl 2016. Einnig lögð fram áhættuskýrsla, dags. 31.05.2016. Staða fjármögnunar OR rædd.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir heimild til forstjóra eða framkvæmdastjóra Fjármála til fjármögnunar, í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 5,5 milljörðum króna til viðbótar áður samþykkttri heimild.

Fjármögnunarheimildin er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Heimildin nær einnig til undirritunar allra skjala sem samþykktin nær yfir.

Umræður.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir töku tilboða í víxlaútboði fyrir 9 mánaða víxla, OR300317, sem var 23. júní sl., fyrir fjárhæð 1.640 milljónir ISK með flötum vöxtum 7,25%.

Umræður.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um breytingu á áhættustefnu varðandi varnarviðmið í vöxtum, gjaldmiðlum og álverði: **(TRÚNAÐARMÁL)**

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir ný varnarviðmið í vöxtum og gjaldmiðlum og breyttum varnarviðmiðum í áli.

Varnarhlutföll fastra vaxta verði að lágmarki 75% og að hámarki 100% af heildarlánum OR.

Varnarhlutföll gjaldmiðla verði þannig að sjóðsstaða og vænt innflæði sé að lágmarki 60% af væntu útflæði hvernar myntar og að hámarki 140%

R.M. BW

ES

Varnarhlutföll í áli til fyrir næsta fjárhagsár (+1) skulu nema að lágmarki 50% og að hámarki 85%. Varnarhlutföll þarnaæsta fjárhagsár (+2) þar á eftir skulu nema að lágmarki 25% og að hámarki 75%. Á síðari tímabilum eru neðri mörk 0% og efri mörk stíglækkandi niður að 40% eftir fimm ár.

Tímabil	Neðri mörk	Efri mörk
Fjárhagsár +1	50%	85%
Fjárhagsár + 2	25%	75%
Fjárhagsár + 3	0%	60%
Fjárhagsár + 4	0%	50%
Fjárhagsár + 5	0%	40%

Varnarhlutföllum skal vera náð í lok yfirstandandi fjárhagsárs. Fyrirgreint felur t.d. í sér að lágmarksvarnarhlutföll fjárhagsára 2017 og 2018 verði náð fyrir árslok 2016.

Umræður.
Samþykkt samhljóða.

Ingvar Stefánsson kynnti viðræður um endurfjármögnun á 4,6 ma.kr. skuldabréfi, sem er á gjalddaga í desember 2016.
Umræður.

- Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri mætti til fundarins, lagði fram og kynnti minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 23. júní 2016.
Umræður.
- Hólmfríður Sigurðardóttir kynnti loftslagsmarkmið OR og dótturfélaga.
Umræður.
- Jakob Sigurður Friðriksson, viðskiptaþróunarstjóri OR, mætti til fundarins og kynnti snjallmælaverkefni OR.
Umræður.
- Guðrún Erla Jónsdóttir, kynnti stöðu stefnuverkefna í samstæðu OR.
Umræður.
- Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri kynnti rýni og breytingu á stefnu í öryggis-, heilbrigðis- og vinnueftirlitsmálum (ÖHV) og breytta mælikvarða því tengda.
Samþykkt samhljóða.
- Bjarni Bjarnason lagði fram og kynnti minnisblað forstjóra um starfsemina á milli stjórnarfundna, dags. 23. júní 2016. Einnig lagt fram minnisblað starfsmannastjóra til stjórnar dags. 20. júní 2016.
Umræður.
- Önnur mál.
 - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Stjórn OR samþykkir að teknar verði saman upplýsingar um þjónustubörf á starfssvæði félagsins miðað við ákveðnar og ólíkar forsendur. Metin verði þörf fyrir rafmagn, kalt og heitt vatn og fráveitu á næsta áratug. Þjónustubörfin

ES *AM* ² *BD*

verði metin út frá ólíkum sviðsmyndum um þá þætti sem helst hafa áhrif á þörf. Til dæmis íbúafjölda, fjölda ferðamanna og tæknibreytingar (s.s. rafbílavæðingar). Eins verði tekið inn í áætlunina þróun á mörkuðum sem tengjast félaginu, s.s. hvaða verkefni gætu óskað eftir samningum við félagið á næstu árum ásamt áætlaðri þörf þeirra félaga sem nú eru í viðskiptavinahópnum. Áætluð þörf verði borin saman við afköst félagsins nú og hver afköst félagsins þyrftu að vera til að anna þörfinni til framtíðar. Taka ætti áhrif vænts orkusparnaðar inn í áætlunina.

Frestað.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16:10.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Áslaug Friðriksdóttir, Einar Brandsson, Gylfi Magnússon,
Marta Guðjónsdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson, Sigríður Rut Júlíusdóttir.

Ragnvaldur Rann

Mér sýnt: Valdur Þorjökullsláttir

Mér sýnt: Páru

Mér sýnt: Þjón Þjóri Þorbjörn

Áslaug Friðriksdóttir

Þjón Þjóri Þorbjörn

Þjón Þjóri Þorbjörn